Borgarholtsskóli

# TOV3A05

Námsáætlun, vorönn 2024

| **Kennari/kennarar:** | **Netfang/netföng:** |
| --- | --- |
| **Magnús Þór Guðmundsson** | **magnus.gudmundsson@borgo.is** |

**Lýsing:**

Í áfanganum þjálfast nemendur í lestri flóknari lagnauppdrátta og teikninga frárennsliskerfa og hreinlætistækja. Lögð er áhersla á hönnun vegna hljóðburðar, sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af tengingu hreinlætistækja við lagnakerfi m.m. Farið er yfir hæðar- og málsetningar, efnisnotkun, einangrun lagna og brunavarnir með hliðsjón af reglum, reglugerðum og stöðlum og áfram er fjallað um verklýsingar og efnislista. Kennslan byggist að mestu á teikniverkefnum þar sem lögð er áhersla á að tengja saman forsendur hönnunar, lagnauppdrætti og verklýsingar.

*Þekkingarviðmið*

Þekkingarviðmið
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- grunnatriðum í uppbyggingu frárennsliskerfa og staðsetningu hreinlætistækja.
- ákvæðum byggingareglugerðar um fráveitulagnir.
- íslenskum stöðlum um frárennslislagnir í jörðu og fráveitulagnir húsa.
- stöðlum um mannvirkja- og tækniteikningar sem tengjast lagnauppdráttum.
- tæknilegum útfærslum frárennsliskerfa og staðsetningu hreinlætistækja.
- öllum gerðum uppdrátta og teiknitákna fyrir frárennsliskerfi og hreinlætistæki.
- fagheitum og efnisnotkun í lagnateikningum fyrir frárennsliskerfi.

Leikniviðmið
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- nota Rb-blöð í upplýsingaleit og við gerð teikninga.
- lesa og vinna með teikningar af frárennslislögnum og hreinlætistækjum.
- lesa og skilja merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar.
- gera efnisáætlun fyrir einfalt frárennsliskerfi.

Hæfniviðmið
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- teikna hreinlætistæki og frárennsliskerfi í hús.
- beita teiknireglum við teiknun frárennsliskerfa og hreinlætistækja.
- gera fríhendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af lagnakerfum.
- gera sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af frárennsliskerfum og staðsetningu hreinlætistækja.

**Námsgögn:**

Teikningar og verklýsingar, Sveinn Áki Sverrisson, 2005 - Iðnú

Borgarholtsskóli

**Námsmat:**

Verkefni 1: Frárennsli teiknað í 2. hæð – 9%
Verkefni 2: Frárennsli teiknað í 1. hæð og lóð – 9%
Verkefni 3: Frárennsli Rúmmynd – 12%
Verkefni 4: Neysluvatn í 1. hæð – 9%
Verkefni 5: Neysluvatn í 2. hæð – 9%
Verkefni 6: Neysluvatn Rúmmynd – 12%
Verkefni 7: Hitakerfi 1. hæð (ofnakerfi) – 9%
Verkefni 8: Hitakerfi 2. hæð (gólfhitakerfi) – 9%
Verkefni 9: Hitakerfi Rúmmynd – 12%
Verkefni 10: Einlínumynd af hitagrind – 10%

| Vika | Dagur | Dags. | Námsþættir | Námsmats-þættir |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 20. mar | Frárennsli teiknað í 2. hæð | Verkefni 1 |
| | 2 | 21. mar | | |
| | 3 | 22. mar | Frárennsli teiknað í 1. hæð og lóð | Verkefni 2 |
| | 4 | 2. apr | Frárennsli Rúmmynd | Verkefni 3 |
| | 5 | 3. apr | Neysluvatn í 1. hæð | Verkefni 4 |
| 2 | 6 | 4. apr | | |
| | 7 | 5. apr | Neysluvatn í 2. hæð | Verkefni 5 |
| | 8 | 8. apr | | |
| | 9 | 9. apr | Neysluvatn Rúmmynd | Verkefni 6 |
| | 10 | 10. apr | Hitakerfi 1. hæð (ofnakerfi) | Verkefni 7 |
| 3 | 11 | 11. apr | | |
| | 12 | 12. apr | Hitakerfi 2. hæð (gólfhiti) | Verkefni 8 |
| | 13 | 15. apr | | |
| | 14 | 16. apr | Hitakerfi Rúmmynd | Verkefni 9 |
| | 15 | 17. apr | Einlínumynd af hitagrind | Verkefni 10 |

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*